

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 101/2018**

2020/EES/66/25

frá 27. apríl 2018

um breytingu á XXII. viðauka við EES-samninginn (Félagaréttur)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1986 frá 31. október 2017 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IFRS-staðal 16 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1990 frá 6. nóvember 2017 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS-staðal 7 ⁽²⁾.
- 3) XXII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðum er bætt lið 10ba (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008) í XXII. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32017 R 1986:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1986 frá 31. október 2017 (Stjttíð. ESB L 291, 9.11.2017, bls. 1),
- **32017 R 1990:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1990 frá 6. nóvember 2017 (Stjttíð. ESB L 291, 9.11.2017, bls. 89).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) 2017/1986 og (ESB) 2017/1990, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. apríl 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 291, 9.11.2017, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 291, 9.11.2017, bls. 89.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. apríl 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.